



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

AÐSKILNAÐUR VIÐSKIPTABANKA- OG FJÁRFESTINGARBANKASTARFSEMI

Kynning 13. júní 2017



■ INNGANGSORÐ RÁÐHERRA

Benedikt Jóhannesson
fjármála- og efnahagsráðherra



KYNNING Á SKÝRSLU

Kostir og gallar við aðskilnað
viðskiptabanka- og
fjárfestingarbankastarfsemi

Leifur Arnkell Skarphéðinsson, fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

SKIPUN STARFSHÓPS

- » Starfshópur skipaður í mars á grunni eldri hóps
- » Starfshópurinn:
 - Leifur Arnkell Skarphéðinsson – FJR
 - Björk Sigurgísladóttir - FME
 - Fjóla Agnarsdóttir – FJR
 - Jón Þór Sturluson – FME
 - Jónas Þórðarson – SÍ
 - Sigríður Logadóttir - SÍ



VERKEFNIÐ

- » **Skoða erlenda löggjöf** um aðskilnað eða takmörkun á viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi
- » **Leggja mat á kosti og galla** slíkrar löggjafar fyrir fjármáلامarkað **hér á landi** og **hvort aðrar leiðir séu færar** eða betur til þess fallnar að takmarka áhættu af fjárfestingarbankastarfsemi alhliða banka



HELSTU HUGTÖK

- » Viðskiptabankastarfsemi
 - A.m.k. viðtaka innlána, greiðsluþjónusta og útlánastarfsemi
 - Engin einhlít skilgreining (t.d. útlánastarfsemi)

- » Fjárfestingarbankastarfsemi
 - A.m.k. eigin viðskipti fjármálafyrirtækis og nátengd starfsemi og ýmiss þjónusta til viðskiptavina
 - Engin einhlít skilgreining (fjárfestingar eða þjónusta)

- » Alhliða banki: Banki sem sinnir hvoru tveggja

- » Mörkin milli starfssviðanna tveggja eru oft óljós og engin ein skilgreining



AF HVERJU ER ÞETTA TIL UMRÆÐU?

- » Fjárfestingarbankastarfsemi (FBS) getur verið áhættusamari en viðskiptabankastarfsemi
- » Kostnaður ríkissjóðs ýmissa landa hefur verið mikill vegna rekstrarerfiðleika fjármálafyrirtækja
- » Getur valdið kerfisáhættu
- » Ýmis gagnrýni á FBS í skýrslu rannsóknaneftndar Alþingis um fall bankanna haustið 2008



RÖK MEÐ OG Á MÓTI AÐSKILNAÐI VIÐSKIPTABANKA- OG FJÁRFESTINGARBANKASTARFSEMI ALHLIÐA BANKA

Með aðskilnaði

- » Freistnivandi – og kerfisáhætta
- » Hvor eining einbeiti sér að kjarnastarfsemi
- » Dregið úr víxlverkun
- » Auðveldara að grípa inn í rekstur ef fyrirtæki lendar í erfiðleikum

Á móti aðskilnaði

- » Fjölbreytni í starfsemi eykur stöðugleika - áhættudreifing
- » Minni einingar hafa minni burði til að miðla fjármagni
- » Hagkvæmni í rekstri og kostnaður af eftirliti
- » Minni kostnaður við fjármálaþjónustu þar sem öll þjónusta er á sama stað
- » Þátttaka alhliða banka á verðbréfamarkaði hefur samfélagslega kosti
- » Stækkar skuggabankakerfið
- » Minni víxlverkun – fjármögnun þarf þá að koma annarsstaðar t.d. frá seðlabanka





■ UMFANG Á ÍSLANDI

UMFANG FJÁRFESTINGARBANKASTARFSEMI

- » Engin einhlít skilgreining er til um mörkin á milli kjarnastarfsemi viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi
 - Því liggur ekki fyrir ein ákveðin aðferðarfræði
- » Í skýrslunni eru nokkrar útfærslur reiknaðar út

Umfang FBS í bankakerfinu í heild

	IFRS-flokkun	SREP-flokkun
Miðað við eignir	5,7%	5%
Miðað við tekjur	13%	–
Miðað við eiginfjárgrunn	–	5%





■ UMGJÖRÐ FJÁRMÁLASTARFSEMI ER GERBREYTT FRÁ FJÁRMÁLHRUNINU

BREYTINGAR Í KJÖLFAR FJÁRMÁLAHRUNSINS 2008

- » Helstu breytingar á löggjöf og eftirliti með áherslu á fjárfestingarbankastarfsemi fjármálafyrirtækjanna:
 - Stjórn, stjórnarhættir og stýring áhættu
 - Bann við lánveitingum með veði í eigin bréfum
 - Takmörk sett á fyrirgreiðslur til tengdra aðila
 - Stórum áhættuskuldbindingum settar skorður
 - Kaupaukakerfi takmörkuð
 - Hertar reglur um eignarhluti í óskyldum rekstri
 - Tilkynningar um brot og hækkun stjórnvaldssekta fyrir brot
 - Ítarlegra könnunar- og matsferli og mat á áhættu tengdri fjárfestingarbankastarfsemi – sérstakar eiginfjárkröfur (Pillar 2)
 - Stofnun fjármálastöðugleikaráðs og kerfisáhættunefndar
 - Eigið fé – magn og gæði + frádráttur
 - Eiginfjárauvar
 - Settar skorður á skuldsetningu (vogunarhlutfall)
 - Laust fé og fjármögnun – Lausafjárhlutfall, fjármögnunarhlutfall og sérstakar lausafjárkröfur (Pillar 2).
 - Innstæður með forgang við slit og gjaldþrotameðferð



VÆNTANLEGAR BREYTINGAR

- » Viðbúnað og skilameðferð fjármálafyrirtækja (BRRD)
 - Frumvarp kynnt í haust
- » Nýr reikningsskilastaðall (IFRS 9)
- » Basel-reglur í endurskoðun



GAGNRÝNI HEFUR VERIÐ MÆTT

- » Umfang starfseminnar á Íslandi minna en var
- » Brugðist hefur verið við þeirri gagnrýni sem komið hefur fram hér á landi, einkum í skýrslu rannsóknaneftndar Alþingis

Gagnrýni	Breytingar
Lánveitingar til eignarhalds- og fjárfestingarfélaganna (óbeinar stöðutökur)	Auknar eiginfjárkröfur (Pillar 2)
Eigin stöðutökur fjármálafyrirtækjanna	Auknar eiginfjárkröfur (Pillar 2)
Flækjustig og yfirsýn stjórnenda, áhættustýringar og eftirlitsaðilar	Stjórn, áhættustýring o.fl.
Skammtímafjármögnun	MREL og NSFR reglur
Upptaka lágmarksreglna ESB og brottfall annarra reglna	Tekur nú mið af íslenskum aðstæðum og horft er til nágrannaríkja



*Þrátt fyrir umbætur og aðrar
aðstæður stendur spurningin eftir:
borgar sig að gera meira?*





■ NOKKUR RÍKI HAFA TEKIÐ
Á MÁLINU EN MEÐ
MISMUNANDI HÆTTI

KERFISBREYTINGAR Í NÁGRANNALÖNDUM

- » Í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar hafa nokkur ríki breytt löggjöf um starfsumhverfi fjármálafyrirtækja
 - Bandaríkin (Volcker-reglan árið 2010)
 - Bretland (Breytingar árið 2013 í kjölfar Vickers-skýrslunnar)
 - Þýskaland (2013)
 - Frakkland (2013)
 - Belgía (2014)
 - Drög að reglugerð í vinnslu hjá ESB (2014 í kjölfar Liikanen-nefndar)
 - Önnur Evrópuríki (Holland og Sviss)
 - » Ekkert Norðurlandanna sett slíkar reglur
- » Mismunandi útfærslur
 - Bann við eigin viðskiptum og tengslum við sérhæfða sjóði
 - Breska löggjöfin öðruvísi en hinar
 - Mismunandi tengsl við aðra fjárfestingarbankastarfsemi
 - Gilda flestar einungis um stærstu fjármálafyrirtæki landanna





ÞRÍJÁR MEGINLEIÐIR FÆRAR

ÞRJÁR LEIÐIR FÆRAR

1. Byggt á umbótum eftir fjármálahrunið (á núverandi og væntanlegum reglum)
2. Aðskilnaður (bannregla)
3. Önnur varnarlína (hlutfallsregla)



LEIÐ 1: ÁFRAM BYGGT Á BREYTINGUM SEM KOMIÐ HAFA FRAM EFTIR FJÁRMÁLAHRUNIÐ

- » Miklar breytingar hafa átt sér stað
- » Tekið hefur verið á þeim atriðum sem lýst var í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis
- » Frekari breytingar væntanlegar
- » Rökin hér að búið er að taka á þeirri áhættu sem felst í fjárfestingarbankastarfsemi alhliða banka hér á landi



LEIÐ 2: BANNREGLA

- » **Eigin viðskipti** bönnuð ásamt fjárfestingum og lánveitingum til tiltekinna sérhæfðra sjóða
- » Umrædd starfsemi þó **heimiluð tengdu félagi** (fjárfestingarfélagi) sem þyrfti starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki eða lánafyrirtæki
- » Fjárfestingarfélagið þyrfti að uppfylla **varfærniskröfur á eigin grundvelli** – eigið fé, laust fé o.fl.
- » **Takmarkanir á tengsl félaganna** – fjárfestingarfélagið yrði rekstrarlega-, stjórnskipulega og efnahagslega sjálfstætt
- » Fjárfestingarfélagi óheimilt að eiga í fjármálafyrirtækjum sem taka við innlánnum þ.á m. tengdu félagi sínu
- » Fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til þess að taka við innlánnum mætti eiga í fjárfestingarfélagi en eignarhlutur dregin frá eiginfjárgrunni þess
- » Erfitt að taka mið af einni hinni erlendu reglna þar sem þær byggja á aðstæðum í hverju ríki



LEIÐ 3: ÖNNUR VARNARLÍNA (HLUTFALLSREGLA)

- » Fyrsta varnarlína eru stighækkandi eiginfjárkröfur sem taka mið af umsvifum fjármálafyrirtækis
 - Nú þegar gert á grundvelli umbóta eftir fjármálahrunið 2008
- » Önnur varnarlína – skorið á fjárfestingarbankastarfsemi þegar tilteknum mörkum er náð
 - Þegar hlutfalli milli VBS og FBS er náð skal fjármálafyrirtæki skila áætlun um úrbætur – hætta starfsemi, minnka hana, hækkun eiginfjárgrunns eða færa starfsemi í sérstakt félag
- » Hlutfallsregla sambærileg þeirri sem Liikanen-nefndin mælti með og Belgar hafa tekið upp í löggjöf sína.
- » Málamiðlun milli leiðar 1 og 2 með blöndu kosta og galla hvorrar um sig





NIÐURSTÖÐUR

NIÐURSTÖÐUR

- » Ekki hlutverk starfshópsins að mæla með einni leið umfram aðra, heldur skapa frekari grundvöll fyrir umræðu
- » Regluverk í Evrópu hefur tekið miklum breytingum frá hruni
- » Bankarnir hafa tekið miklum breytingum frá hruni
 - Umfang fjárfestingarbankastarfsemi er lítið
- » Erlendar reglur munu breytast á næstunni
- » Fá Evrópulönd hafa sett frekari takmarkanir
 - Þýskaland, Frakkland, Bretland og Sviss með sérreglur um stærri banka
 - Ekkert Norðurlandanna hefur innleitt reglur umfram það sem Ísland hefur gert
- » Þrír möguleikar í stöðunni, hver með kosti og galla





FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Skýrslan er birt á vef ráðuneytisins

www.fjr.is | twitter.com/MoFiceland

